

# Lífskjör og jöfnuður

3. júní 2016

## Ályktun aukalandsfundar Samfylkingarinnar haldinn 3-4. júní 2016

Eitt samfélag fyrir alla er sýn okkar jafnaðarmanna. Samfélag sem byggir á jöfnuði, kvenfrelsi, umhverfis- og náttúruvernd, heilbrigðri samkeppni og mannréttindum, með áherslu á að allir hafi jöfn tækifæri til mannsæmandi lífs.

Birting Panamaskjalanna dregur vel fram að gera þarf róttækar breytingar á íslensku samfélagi til að jafna ábyrgð okkar allra á rekstri þess og tryggja heilbrigða samkeppni í atvinnulífinu. Við viljum skapa þróttmikið og sanngjarnt samfélag sem byggir á gegnsæi í ákvarðanatöku og almennum leikreglum. Því höfnum við því að ákveðnir hópar fái forgang umfram aðra við sölu opinberra eigna og úthlutun auðlinda líkt og viðgengist hefur hér á landi og leitt hefur til misskiptingar og vantrausts.

Samfylkingin byggir á traustum grunni hundrað ára starfi verkalýðshreyfingar og jafnaðarmanna á Íslandi sem á brýnna erindi við almenning en nokkru sinni fyrr. Jafnaðarstefnan hefur lagt grunn að velferðarsamfélögum Norðurlanda og skapað skýran valkost við nýfrjálshyggju sem hefur leitt til vaxandi misskiptingar, siðrofs og vantrúar á stjórnvöld og stjórnsmál víða um heim.

Við jafnaðarmenn viljum gera mikilvægar breytingar á íslensku samfélagi svo þessi markmið megi nást.

### Jöfnuður og lífskjör:

- Við viljum að arðurinn af nýtingu auðlinda fari til þjóðarinnar.
- Við viljum raunverulegt jafnrétti til náms og viljum taka upp námsstyrkjakerfi líkt og þekkist í nágrennalöndum okkar.
- Við viljum tryggja öllum öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði og fjölga valkostum sem mæta þörfum ungs fólks líkt og Reykjavíkurborg er að gera.

- Við viljum almennar og ótekjutengdar barnabætur handa öllum börnum.
- Við viljum afnema skerðingar og tekjutengingar í almannatryggingakerfinu svo kerfið verði réttlátara.
- Við viljum meiri mannvirðingu í velferðarkerfinu
- Við viljum útrýma fátækt barna.